

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um pappírslaut peningahappdrætti Happdrættis Háskóla Íslands nr. 455 15. nóvember 1993.

1. gr.

5. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 290 20. maí 1998, orðast svo:

Þátttaka í happdrættinu felst í því að þátttakandi greiðir að lágmarki eina einingu fyrir hvern einstakan leik. Einingin getur verið 1 kr., 2 kr., 5 kr., 10 kr., 25 kr. eða 50 kr. Greinilega skal koma fram á happdrættisvél hver grunneining leiks er.

Hámarksfjárhæð sem hægt er að nota í hverjum einstökum leik er 300 kr. Greiða skal fyrir þátttöku í happdrættinu með 50 kr. mynt, peningaseðlum eða með því að taka af uppsafnaðri inneign í happdrættisvél.

2. gr.

1. mgr. 10. gr., sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 529 22. júní 2001, orðast svo:

Vinningshafar skulu að jafnaði fá vinninga sína greidda úr happdrættisvélinni á sjálfvirkan hátt. Vinningar eru greiddir út í 50 kr. peningum. Nú eru ekki nægilega margir peningar í vél til að borga út vinning, eða inneign í happdrættisvél er lægri en 50 kr., og skal þá vinningshafi snúa sér til umsjónarmanns vélarinnar sem greiðir vinningshafa það sem upp á vantar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986, lög nr. 77 19. maí 1994 og lög nr. 127 16. desember 2003, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. október 2004.

Björn Bjarnason.

Fanney Óskarsdóttir.